

Íslenskir Aðalverktakar hf.
Gunnlaugur Kristjánsson
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

2005030005
1604; 9310

Reykjavík, 23. mars 2005
/--

Efni: Allt að 150.000 rúmmetra efnistaka á Blikastaðanesi, Mosfellsbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Íslenskra aðalverktaka hf. (ÍAV) dags. 3. mars 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt allt að 150.000 m³ efnistaka á Blikastaðanesi í Mosfellsbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Mosfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Mosfellsbæ með bréfi dags. 17. mars 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 17. mars 2005, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 11. mars 2005 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 11. og 21. mars 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Íslenskum aðalverktökum hf. með bréfum dags. 15. og 22. mars 2005 og tölvupósti dags. 23. mars 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé allt að 150.000 m³ efnistaka á Blikastaðanesi í tengslum við gerð golfbrauta og uppbyggingar á Blikastaðalandi. Miðað sé við að jarðefni verði tekið og unnið úr brautum nr. 13 og 14 á fyrirhuguðum golfvelli á Blikastaðanesi og það flutt á byggingasvæði Blikastaðalands og jafnmikið jarðefni losað úr byggingarsvæði í Blikastaðalandi og því komið fyrir á æfingasvæði og brautum nr. 13 og 14 í stað þess efnis sem fjarlæggt verður þaðan. Í framlögðum gögnum kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði á Blikastaðanesi sé um 38.000 m², meðalhæð þess um 10 m og ekki sé gert ráð fyrir að vinna námuna mikið niður fyrir kóta +2,0 m. Fram kemur að í makaskiptasamningi sem gerður hafi verið á milli Mosfellsbæjar og ÍAV í október 2003, hafi ÍAV í samvinnu við Mosfellsbæ rétt til efnistöku á

Blikastaðanesi skv. Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 með þeim fyrirvara að efnisnámið uppfylli ákvæði laga og reglugerða um slíka starfsemi, s.s. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um náttúruvernd. Fram kemur að efni sem til falli á golfbrautum nr. 13 og 14 sé einvörðungu ætlað til notkunar við uppbyggingu byggingarsvæða ÍAV á vestursvæði Blikastaðalands. Verið sé að koma í veg fyrir akstur þungaflutningabíla með efni að og frá byggingarsvæðum í gegnum íbúðarhverfi, auk þess sem allar akstursvegalengdir styttest til muna. Fram kemur að aðkoma að golfsvæðinu verði eftir fyrirhugaðri safngötu, sem tengist tengibraut um Blikastaðaland og endanleg landmótun svæðisins verði ákveðin við hönnun golfvallarins.

Í drögum að samningi um efnisvinnslu milli Mosfellsbæjar og ÍAV sem fylgdi tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að vinnslutímabil verði tvö á ári, hvort um sig 12 vikur og þar af fjórar vegna sprenginga en ráðgert sé að fyrsta vinnslutímabilið verði allt að fjórum vikum lengra. Áætlað sé að framkvæmdir hefjist árið 2005 og ljúki í lok árs 2008 og ljóst sé að áhrifa vegna framkvæmdarinnar muni gæta á svæðinu allan þennan tíma. Öll efnisvinnsla skuli liggja niðri frá 1. maí til 15. ágúst en efnisflutningar muni fara fram eftir þörfum allt árið. Í árslok hvers árs muni vinnsluhafi leggja fram útreikninga á unnu efni. Fram kemur að vinnslu skuli haga þannig að hún valdi sem minnstu ónæði og truflun og að vinnslusvæði skuli vera afgirt. Við sprengingar verði ýrtruðu varúðar gætt og leiðbeiningum Vinnueftirlits ríkisins fylgt.

Áhrif á ásýnd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Blikastaðanes einkennist af minniháttar landhalla í átt að fjöru og að hluti svæðisins sé á náttúruminjasrá. Samkvæmt berggrunnskönnun sem gerð hafi verið sumarið 2003 sé meginhluti Blikastaðaness úr ólívínbasalti sem talið sé henta vel í fyllingar og einnig sé mögulegt að vinna úr því grjót sem nýta mætti til sjóvarna eða í aðrar grjótvarnir. Ofan á vinnanlegu bergi liggi mold og laust efni sem ekki henti í fyllingar á byggingarsvæðum og verði því ýtt ofan af vinnslusvæðum og komið fyrir í fyllingum í samráði við hönnuð golfvallarins og í samræmi við deiliskipulag. Gert sé ráð fyrir að vinnanlegt berg nái frá yfirborði niður fyrir sjávarmál og reynt verði að ná sem hæstu bergstáli til að auka hagkvæmni vinnslunnar. Fram kemur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu fólgin í raski á landi sem að endingu mun fara undir golfvöll. Þar sem efni úr byggingarsvæði Blikastaðalands verði flutt á nesið í stað þess sem tekið verður, mun ekki verða nein varanleg útlitsbreyting á neginu. Þess verði gætt að yfirborði golfbrautanna verði skilað grófjöfnuðu og í hæðarkótum í samvinnu við hönnuði golfvallarins. Fram kemur að lögð verði áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis, viðkvæm og friðlýst svæði verði afgirt ef ástæða þyki til og land sem afmarkist af fyrirhuguðum stígum meðfram strandlengjunni verði ekki raskað.

Fram kemur í drögum að samningi um efnistöku milli Mosfellsbæjar og ÍAV sem fylgdi tilkynningu framkvæmdaraðila að vernda skuli fjöruna og henni hlíft við öllum framkvæmdum og einnig skuli taka tillit til holt- og móskika innan golfvallarins við framkvæmdina.

Áhrif á hljóðvist og vatnsgæði. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að íbúðarhúsi séu í um 500 metra fjarlægð frá efnistökusvæðinu. Búast megi við nokkurri umferð

Þungaflutningabíla frá námuvinnslnunni og að byggingarsvæðum á Blikastaðalandi en sú umferð verði í um 200 m fjarlægð frá núverandi byggð. Ennfremur megi búast við nokkrum hávaða frá sprengingum og annari meðhöndlun efnis í efnisnámunni. Fram kemur að ekki hafi farið fram útreikningar á hljóðstigi. Fram kemur að framkvæmdin verði til þess að ekki verði þörf á að sækja efni utan svæðisins með með tilheyrandi kostnaði, mengun og ónæði fyrir íbúa nærliggjandi íbúðahverfa.

Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir að efnistakan hafi áhrif á grunnvatnsstreymi þar sem hún fari fram frammi á nesinu. Farið verði eftir tillögum hönnuða um frágang námu að vinnslu lokinni þannig að afvötnun yfirborðs verði tryggð. Tryggja þurfi að vatnið renni frá nesinu og út í sjó og því þurfi botninn að halla til sjávar, bæði frá enda námu inni í landi og frá miðri námu eftir endilöngu nesi. Eftir botni námunnar verði nokkurs konar hryggur um miðbik hennar sem lækki frá austri til vesturs. Þess þurfi að gæta að botn námunnar fari ekki niður fyrir þá hæð sem sjávarstöðu gætir innan hennar. Fram kemur að þess verði gætt að engin spilliefni muni renna í sjó eða að árbökkunum.

Áhrif á gróður og lífríki. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi farið fram sérstök úttekt á gróðurfari vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en almennt einkennist gróðurfur Blikastaðaness af rýru gróðurlendi og einstaka klapparásam. Ekki hafi farið fram sérstakar rannsóknir á lífríki Blikastaðaness vegna framkvæmdarinnar og ekki sé talin ástæða til að ætla að fyrirhuguð framkvæmd muni hafi áhrif á lífríkið umfram það sem verði vegna íbúðabyggðar og byggingar golfvallar á nesinu. Fram kemur að ekki sé talið að framkvæmdirnar muni hafa áhrif á veiði í Úlfarsá eða hrygningar í ánni.

Áhrif á landnotkun. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að engir stígar hafi enn verið lagðir á Blikastaðanesi en gönguleið sé í fjörunni meðfram nesinu. Ekki sé gert ráð fyrir að takmarkanir verði á þeirri umferð meðan á framkvæmdum standi en hugsanlega verði gangandi umferð stöðvuð á meðan sprengingar og aðrar framkvæmdir fara fram.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tvær friðlýstar fornminjar séu á vestanverðu nesinu. Um sé að ræða fornar rústir og grjótgarda frá verslunarstað eða útræði yst á sjávarbakkanum í svonefndu Gerði. Mörk verndarsvæðisins séu í 20 m fjarlægð frá ytri mörkum friðlýstra fornminja og muni engin umferð frá efnisvinnslnunni verða innan þeirra marka og til að koma í veg fyrir rask innan þess verði verndarsvæðið skýrt afmarkað.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 sé gert ráð fyrir golfvelli á Blikastaðanesi en miðað sé við að um þriðjungur svæðisins verði opið og almennt útivistarsvæði. Ennfremur kemur fram að heimiluð sé efnistaka á skipulagssvæðinu í landi Blikastaða vegna framkvæmda og landmótunar á byggingartíma hverfisins samkvæmt nánara samkomulagi milli landeiganda og Mosfellsbæjar. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd sé í fullu samræmi við Deiliskipulag Blikastaðaness. Þar komi fram að á Blikastaðanesi eigi að skapa útivistarsvæði með því m.a. að byggja 9 holu golfvöll, þar sem markmiðið eigi að vera að gera íbúum kleift að ferðast um

og njóta frítíma í tengslum við náttúruna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögn Mosfellsbæjar kemur fram að að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í drögum bæjarins og ÍAV að samningi um efnisvinnslu og í samþykktu deiliskipulagi þurfi ekki að fara fram mat á umhverfisáhrifum. Í umsögnum Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin muni valda verulegum umhverfisáhrifum og þurfi því ekki að sæta mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á ásýnd og landnotkun. Mosfellsbær bendir á með fyrirhugaðri framkvæmd sé verið að minnka til muna það efni sem sækja þurfi í fyllingar vegna framkvæmda við uppbyggingu á Blikastaðalandi. Jafnframt skapist rými til móttöku á uppúrtektarefni frá framkvæmdum á Blikastaðalandi sem einnig hafi í för með sér minni umferð um nærliggjandi götur. Þetta verði gert samhliða uppbyggingu golfvallarins sem kalli á að viðkomandi svæði verði mótað óháð efnistöku. Mosfellsbær leggur áherslu á að í ákvæði í drögum að samningi um efnisvinnslu verði fyllsta öryggis gætt, t.d. með því að girða af svæði og staðið verði að sprengingum í samræmi við reglugerðir auk þess að ónæði verði haldið í lágmarki. Ennfremur kemur fram að efnisvinnsla skuli vera þannig háttað að hún fari ekki fram á varptíma og um hásumar.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við umsögn Mosfellsbæjar.

Umhverfisstofnun bendir á að umtalsverður munur sé á því efnismagni sem ÍAV fyrirhugar að vinna í námunni og því efnismagni sem virðist unnt að vinna á sama svæði miðað við þær forsendur sem fram koma í greinagerð ÍAV. Umhverfisstofnun telji nauðsynlegt að fylgst verði með og tryggt að efnistaka verði ekki yfir 150.000 m³ og fram komi hvernig sú efnistaka samræmist nauðsynlegum aðgerðum varðandi framtíðarnotkun svæðisins, þ.e. nauðsynlegum jarðvegskiptum vegna byggingu golfvallarins á því svæði sem framkvæmdaraðili hefur afmarkað.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að mögulegt sé að vinna meira magn á fyrirhuguðu vinnslusvæði, en þá 150.000 m³ sem ÍAV ráðgeri. Framkvæmdaraðili bendi á að á korti sem fylgdi tilkynningu framkvæmdaraðila séu ystu mörk vinnslusvæðisins sýnd og ekki verði leyfilegt að vinna efni utan þess svæðis. Fram kemur að yfirborðsefni sé ekki nýtanlegt á öllu svæðinu og gert sé ráð fyrir að efsta laginu verði ýtt ofan af vinnslusvæðinu og það nýtt til fyllingar á vinnslusvæðinu þegar einstökum vinnsluáföngum ljúki. Ennfremur muni klapparbotninn á efnisvinnslusvæðinu halla til að tryggja afvötnun og því sé ekki hægt að reikna með að botn vinnslusvæðisins verði allur í kóta +2 eftir að vinnslu lýkur. Fram komi í drögum að samningi milli ÍAV og Mosfellsbæjar um efnisvinnslu sem samþykktur var í bæjarráði Mosfellsbæjar 10. febrúar sl. að í árslok hvers árs skuli vinnsluhafi leggja fram útreikninga á unnu efni sem byggt sé á mælingum og fyrirhugað sé að fulltrúi Mosfellsbæjar fylgist með mælingunum og staðfesti þær. Ákvarðanir um framhald á vinnslu og stærð einstakra vinnsluáfanga verði svo teknar á grundvelli ofangreindra mælinga. Fram kemur að

ofangreind efnisvinnsla samræmist fullkomlega framtíðarnotkun svæðisins. Gert sé ráð fyrir að svæðið verði endurfyllt með efni sem til falli við uppúrtekt fyrir götum og húsum á nærliggjandi byggingarsvæðum auk efnis sem til falli við ofanafýtingu af golfvallarsvæðinu.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að efnistaka á um 70 % þess svæðis sem afmarkað sé í gögnum ÍAV geti gefið allt að 250.000 m³ af efni. Umhverfisstofnun telji ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þar sem efnistakan sem slík breyti engu um fyrirhugaða landnýtingu á efnistökusvæðinu, þ.e. sem hluta golfvallar. Þar sem framkvæmdaraðili fyrirhugi að halda efnistökunni innan þeirra marka sem tilgreind séu í 21. tölulið 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum telji Umhverfisstofnun mikilvægt að vel sé fylgst með því heildarmagni sem tekið verður úr námunni.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við umsögn Umhverfisstofnunar.

Áhrif á hljóðvist og vatnsgæði. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á að framkvæmdin sé starfsleyfis skyld skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Við gerð starfsleyfis verði að meta hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir vegna ofanvatns aðrar en um getur í skýrslu ÍAV. Jafnframt verði starfsleyfishafa gert að starfa í samræmi við gildandi reglugerð um hávaða. Fram kemur að í skilyrðum fyrir starfsleyfi verði tekið á ýmsum þáttum sem nefndir séu í samningi milli Mosfellsbæjar og ÍAV um efnisvinnslu.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifar hafi verið skráðar í landi Blikastaða. Um sé að ræða friðlýst garðlög og fornar rústir frá verslunarstað eða útræði. Verndarsvæði friðlýstu fornleifanna sé nokkuð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði og mun efnistakan og umferð henni tengd ekki hafa áhrif innan verndarsvæðisins. Í gögnum framkvæmdaraðila komi fram að verndarsvæðið verði skýrt afmarkað, til að koma í veg fyrir allt rask innan þess. Fram kemur að auk friðlýstu fornleifanna séu byrgi, skotbyrgi, uppsátur, garðlög og veiðistaður (Blikastaðakró) á nesinu sjálfu. Byrgin séu líklega frá stríðsárunum og því ekki friðuð en hinar minjarnar séu friðaðar samkvæmt Þjóðminjalögum (nr. 107/2001) þar sem þær séu eldri en 100 ára. Minjarnar séu allar nálægt ströndinni á Blikastaðanesi vestanverðu og norðvestanverðu en ekki sé talið að þeim stafi hætta af fyrirhugaðri efnistöku. Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggi nægar upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og að fyrirhuguð efnistaka á Blikastaðanesi muni ekki hafa áhrif á fornleifar.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við umsögn Fornleifaverndar ríkisins.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 150.000 m³ efnistöku á Blikastaðanesi í Mosfellsbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á Blikastaðanesi muni ekki hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins verði verktilhögun og frágangur með þeim hætti sem kynnt eru í framlögðum gögnum ÍAV. Umhverfisstofnun hefur bent á í umsögnum sínum að unnt sé að vinna meira efni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en gert sé ráð fyrir í tilkynningu framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun tekur í því sambandi undir með Umhverfisstofnun um mikilvægi þess að fylgst verði með því heildarmagni sem tekið verður úr námunni og ákvarðanir um framhald á vinnslu og stærð einstakra vinnsluáfanga verði tekin á grundvelli mælinga eins og framkvæmdaraðili leggur til í framlögðum gögnum. Skipulagsstofnun tekur undir með Mosfellsbæ um mikilvægi þess að við efnistöku verði fyllsta öryggis gætt t.d. með því að girða af svæði, ónæði verði haldið í lágmarki og að vinnsla fari ekki fram á varptíma og um hásumar. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagða gagna að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins, landnotkun, hljóðvist, vatnsgæði eða menningarminjar verði þeirri framkvæmdatilhögun sem framkvæmdaraðili leggur til og framangreindum ábendingum Skipulagsstofnunar fylgt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu ÍAV við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð ÍAV vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 150.000 m³ efnistaka á Blikastaðanesi, Mosfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlitis Kjósasvæðis skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. apríl 2005.

Hólfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Mosfellsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og Umhverfisstofnun.

